



Stjórnarfundur 6 þriðjudaginn 29. ágúst 2017 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Árni Jón Eggertsson, Andri Hnikarr Jónsson, Steinn Einarsson, Sigurbjörn Árni í síma.

Afboð og mættu ekki: Stefán Jóhannesson, Kristín Hálfánardóttir og Svandís Þorsteinsdóttir

Dagskrá

- Framhaldsumræða um fjármál
- Sporttv
- Tölvukaup v/rafræn leikskýrsla
- starfsmannamál
- Önnur mál

Fundargerð

Framhaldsumræða um fjármál

- Farið yfir mjög alvarlega stöðu sambandsins í fjármálum. Kostnaður vegna landsliðsverkefna ársins fór nokkuð fram úr áætlunum og mikið tap var á mótinu í vor.
- Rætt um að setja upp áætlun til þess að tekjur vetrarins fari ekki í að niðurgreiða skuldir.
- Nokkuð er af útistandandi kröfum sem eru í innheimtu og þónokkuð af reikningum sem þarf að greiða um næstu mánaðamót.

Sporttv

- Kynning um samning við Sporttv sé í viðræðum sem og við Altis um áframhaldandi samstarf með úrvalsdeildirnar í blaki.
- Sporttv er orðin sjónvarpsstöð og miðast samningar við beina útsendingu í hverri viku í vetur frá leik í úrvalsdeildinni. Viðræður við Altis miðast við kostun á útsendingar en BLÍ hefur þó fleiri möguleika á að selja auglýsingar.
- Rætt um að félögin kæmu að þessu. Ákveðið að halda formannafund 7. September til að kynna deildakeppnina og sjónvarpsútsendingu. Setja þarf menn í stellingar fyrir umgjörðina, línuverði og umsjónarfólk sé mætt á réttum tíma.
- Stjórn BLÍ telur það mjög mikilvægt að komast í sjónvarp.

Tölvukaup v/rafrænnar leikskýrslu

- Rætt um tölvukaup eða tölvuleigu fyrir mótin þar sem rafræn leikskýrsla verður rituð. Ákveðið að tala við okkar mann í Tölvulistanum um þetta.

Starfsmannamál

- Jí tilkynnti að samkomulag væri í vinnslu við Andra Hnikarr Jónsson um að koma inn í hlutastarf hjá BLÍ. Enn á eftir að ganga frá launamálum en hefur Hnikarr hafið störf.

Önnur mál

- Haustmót BLÍ 16. September. Þarf að finna mótshaldara, senda út auglýsingu strax.
- Meistarakeppni BLÍ 23. September milli HK og Aftureldingu hjá báðum kynjum.
- Jí á leið á CEV, NEVZA og SCD þing.
- Jí kynnir samstarf við UMSK um blakmót á grasi í Kórnum. Byggt upp á Power Cup hugmyndinni.
- Rætt lítilega um málefni yngriflokka og ráðningu Daniele áfram.
- Jí las upp bréf stjórnar til aðalstjórnar Stjórnunnar vegna yfirlýsingar frá þeim um að klippa út barna- og unglíngastarf hjá blakdeildinni.
- Sigurbjörn talaði um að kynna fyrir dómara nefnd hugmyndir um að taka út tvíslag í neðri deildum Íslandsmótsins. Þó nokkur umræða var á fundinum vegna þessa og kom m.a. fram að kannski ætti að sleppa því þegar verið er að spila innan liðs en ekki nota fingurslag sem sóknarslag.

Fleira var ekki rætt á fundinum

Fundi slitið kl. 18.24

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð